

## Vægi fjárhagsþrenginga í áhættu á þunglyndiseinkennum hjá launafólki á Íslandi á tímum kórónuveirunnar

**MARGRÉT EINARSDÓTTIR**, félagsfræðingur, dr.  
**KOLBEINN HÓLMAR STEFÁNSSON**, dósent við  
félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands  
**KRISTÍN HEBBA GÍSLADÓTTIR**, framkvæmdastjóri Vörðu  
– rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins

**ÚTDRÁTTUR:** Erlendar rannsóknarniðurstöður benda til þess að félags- og efnahagslegur ójöfnuður í geðheilsu hafi aukist í COVID-19 faraldrinum. Markmið þessarar rannsóknar er að skoða tengsl þunglyndiseinkenna við fjárhagsþrengingar og annan félags- og efnahagslegan ójöfnuð á tímum kórónuveirunnar hjá íslensku launafólki sem tilheyrir aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB. Aðferðir: Rannsóknin er þýðisrannsókn sem byggir á spurningakönnun á stöðu launafólks á Íslandi og var lögð fyrir í árslok 2020. Alls svöruðu 8461 rannsókninni, eða 7,0% þýðisins. Gögnin voru vigtuð til að þau endurspegli sem best þýðið. Þunglyndiseinkennum voru sjálfsmetin með PHQ-9 kvarðanum. Spurt var um tvær tegundir fjárhagsþrenginga, efnislegan skort og að ná endum saman. Niðurstöður byggjast á einbreytu- og fjölbreytutvíundargreiningum. Niðurstöður sýna að líkur á þunglyndi aukast eftir því sem félags- og efnahagsleg staða er verri. Þegar stjórnad er fyrir öðrum félags- og efnahagslegum áhættuþáttum og líkamlegri heilsu vegur efnislegur skortur þyngst í áhættunni en skýringarmáttur þess að ná endum saman er minni en bæði líkamlegrar heilsu og aldurs. Ályktun: Verulegur félags- og efnahagslegur ójöfnuður er hérlendis í þunglyndiseinkennum launafólks á tímum COVID-19. Aðgerðir stjórnvalda til að tryggja afkomu og lífkjör fólks í COVID-kreppunni gengu of skammt. Stjórnvöld þurfa ávallt og óháð efnahagsástandi að tryggja öllum framfærslu sem dugir fyrir lágmarksneysluviðmiðum.

**LYKILORÐ:** Geðheilsa – fjárhagsþrengingar – COVID-19

**ABSTRACT:** There are indications that socioeconomic inequality in mental health has intensified during the COVID-19 pandemic. However, information from Iceland is lacking. The aim of this research is to examine

the association between depressive symptoms and financial hardship and other socioeconomic factors. Methods: All members of ASÍ and BSRB, the confederations of labour within the private and public sectors, were requested to answer a questionnaire on their situation at the end of 2020. The response rate was 7% of the population. The data was weighted by known population parameters. Depression symptoms were assessed on the PHQ-9 scale. Two indicators of financial hardship were used: material deprivation and the ability to make ends meet. Univariate and multivariate logistic regression was used to analyse the data. Results: The risk of depressive symptoms increased with a lower socioeconomic position. When controlled for other risk factors, material deprivation had the strongest predictive power, but the ability to make ends meet lowers the predictive power of both physical health and age. The predictive power of other socioeconomic factors was smaller. Conclusion: Substantial socioeconomic inequality in depression symptoms among workers in Iceland was identified during COVID-19.

**KEYWORDS:** Mental health – financial hardship – COVID-19

## Inngangur

Rannsóknin sem hér er fjallað um skoðar tengsl þunglyndiseinkenna við fjárhagsþrengingar og annan félags- og efnahagslegan ójöfnuð hjá íslensku launafólki á tímum kórónuveirunnar. Geðraskanir eru ein helsta heilsufarsógn 21. aldarinnar (Wooden o.fl. 2016). Þannig jókst hlutur geðraskana frá 1990 til 2010 um 37,6% þegar litið er til heildarbyrði sjúkdóma á heimsvísu (Whiteford o.fl., 2013) og eru þær nú ein helsta orsök örorku hvort sem litið er til heimsins alls, Evrópu (Wooden o.fl., 2016) eða Íslands sérstaklega (Tryggingastofnun, 2017). Á seinni árum hefur þáttur félagslegs- og efnahagslegs (e. *socioeconomic*) ójöfnuðar í geðheilsu komið betur og betur í ljós og um leið orðið ljóst að ekki er hægt að takast á við og/eða koma í veg fyrir geðraskanir af ýmsu tagi nema taka slíkan ójöfnuð inn í myndina (Burns, 2015). Rannsóknir hafa meðal annars staðfest að tengsl eru á milli geðraskana og kyns, aldurs (Kivimäki o.fl., 2020), menntunar, tekna, fjárhagsþrenginga og atvinnuleysis (Frankham o.fl., 2020). Einnig eru vísbendingar um að geðheilsa innflytjenda á vinnu- markaði sé að jafnaði verri en innfæddra (Sterud o.fl., 2018). Að auki er þekkt að sterkt samband er milli geðrænnar og líkamlegrar heilsu (Frankham o.fl., 2020). Erlendar rannsóknir benda til þess að kórónuveirufaraldurinn hafi magnað upp þann félags- og efnahagslega ójöfnuð í geðheilsu sem fyrir var á vinnu- markaði og að hóparnir sem borið hafa mestu fjárhagslegu byrðarnar af faraldrinum í gegnum atvinnuleysi og tekjumissi hafi einnig tekið á sig auknar geðrænnar byrðar (Aknin o.fl., 2021; Ettman o.fl., 2020a; Witteveen og Velthorst, 2020).

## Fjárhagsþrengingar og fátækt

Í umræðu og rannsóknum á fátækt er gjarnan gerður greinarmunur á algildri og afstæðri fátækt (Blázquez o.fl., 2014; Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017). Hugtakið algild fátækt byggir á þeirri forsendu að til sé „hlutlaust“ viðmið fyrir fátæktarmörk og að þeir sem hafi tekjur undir því viðmiði séu fátækir en þeir sem hafi tekjur yfir viðmiðinu séu það ekki. Hugtakið á upp- runa sinn í rannsóknum Rowntrees á fátækt á Englandi í byrjun 20. aldarinnar sem sneru að því hvað fólk þyrfti að hafa í tekjur að lágmarki til að komast af og lifa heilbrigðu lífi (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017). Neyslúviðmið sem stjórnvöld hér á landi og í öðrum velferðar- ríkjum hafa sett til að reyna að skilgreina fátækt eru nýlegri dæmi sem byggja á sambærilegri hug- mynd (Jón Þór Sturluson, Guðný Björk Eydal og Andrés Júlíus Ólafsson, 2011). Bent hefur verið

á að slík viðmið geti hins vegar aldrei verið algjörlega hlutlaus heldur séu þau alltaf að einhverju leyti háð mati þeirra sem viðmiðin setja á því hvað er nauðsynlegt og hvað ekki (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017). Tekjur eru heldur ekki góður mælikvarði á fátækt því efnisleg velferð getur verið tryggð með ýmsum öðrum hætti en með tekjum, svo sem með eignum og félagslegum stuðningi. Þá eru tekjur breytilegar yfir tíma og það að vera undir lágtekjumörkum til skamms tíma hefur sjaldan veruleg eða langvarandi áhrif á lífsgæði fólks (Nolan og Whelan, 2011). Auk þess geta aðstæður fólks leitt til fátæktar þó tekjur þess séu yfir skilgreindum fátæktarmörkum, til dæmis vegna háa húsnæðiskostnaðar og/eða skulda frá fyrri tíð (Kiely o.fl., 2015; Saunders og Adelman, 2006; Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017).

Hugtakið afstæð fátækt gengur á hinn bóginn út frá því að fátækt sé háð viðmiðum þess samfélags sem viðkomandi lifir í um hvað sé nauðsynlegt og hvað ekki og því sé fátækt félagslega og menningarlega afstæð (Blázquez o.fl., 2014; Moisiso, 2004; Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017). Hugtakið gerir hvoru tveggja ráð fyrir að fjárhagsleg fátækt geti útilokað hinn fátæka frá menningarlegri og félagslegri samfélagsþátttöku og að fátækt geti falið í sér skort á menningarlegum og félagslegum björgum. Með öðrum orðum breytist skilgreining á fátækt í takt við breytt viðmið og hefðir í samfélaginu um hvað eru ásættanlegir efnahagslegir, menningarlegir og félagslegir lífshættir (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017). Að sama skapi varpar hugtakið ljósi á að fátækt er flókið fyrirbrigði með margar víddir sem einföld mælieining eins og tekjur nær ekki að fanga (Kiely o.fl., 2015; Saunders og Adelman, 2006).

Vegna þessa hafa verið þróaðar fleiri mælingar til að reyna að ná utan um fátækt frá öðru sjónarhorni. Þar ber helst að nefna mælingar á skorti á efnislegum gæðum. Slíkar mælingar eru fengnar með því að spyrja þátttakendur í könnunum hvort þeir eigi eða njóti tiltekinna gæða. Ef þeir svara neitandi eru þeir spurðir hvort það sé vegna þess að þeir hafi ekki efni á þeim. Rannsóknir sem nota slíka mælikvarða hafa sýnt að tekjur yfir lengri tíma spá mun betur fyrir um skort á efnislegum gæðum en tekjur á tilteknum tímamarki (Nolan og Whelan, 2011). Þá hefur einnig gætt aukinnar áherslu á að margþættir mælikvarðar sem fanga áhrifin af eignum og skuldum, hjálp frá öðrum og félagslegum stuðningi, sem er í öðru formi en beinhörðum peningum, séu notaðir í rannsóknum á fátækt og fjárhagsþrengingum (Blázquez o.fl., 2014; Moisiso, 2004; Saunders og Adelman, 2006). Mælingar Eurostat á efnislegum skorti og því hvernig gengur að ná endum saman eru dæmi um slíka margþætta mælikvarða (Eurostat, e.d.; Moisiso, 2004) og eru að auki beinn mælikvarði á útilokun og afleiðingar ónægri bjarga (Kiely o.fl., 2015). Rannsóknir sýna að slíkar mælingar á fjárhagsþrengingar spá betur fyrir um slæma geðræna heilsu en tekjur gera (Butterworth o.fl., 2012; Dijkstra-Kersten o.fl., 2015; Kiely o.fl., 2015).

Moisiso (2004) hefur fært rök fyrir því að fátækt eigi sér margar hliðar og að þegar fátækt er mæld verði að taka mið af að minnsta kosti þremur þeirra, það er tekjum, skorti á efnislegum gæðum og erfiðleikum við að láta enda ná saman. Fyrstu tvær mælingarnar leiða af skilgreiningu á fátækt sem skorti sem leiðir af lágum tekjum. Þriðja mælingin leiðir af þeirri hugmynd að fátækt sé ekki aðeins ástand heldur viss upplifun líka. Þannig myndum við ekki líta á einhvern sem fátækan sem hefði gefið allar sínar veraldlegu eignir og lifði einsetulífi á gæðum náttúrunnar. Þar sem aðstæðurnar leiða af vali er vafaatriði hvort slíkur einstaklingur upplifði fátækt. Moisiso notar greiningu undirliggjandi flokka (e. latent class analysis) til að búa til samsetta mælingu úr þessum þremur mælingum. Þessi nálgun hefur verið notuð með góðum árangri af öðrum (Nolan og Whelan, 2011; Stefán Ólafsson, o.fl., 2019).

Í þessari grein notum við tvær af þremur mælingum Moisiso, það er skort á efnislegum gæðum og erfiðleika við að láta enda ná saman. Án tekjumælingarinnar teljum við okkur ekki stætt á því að nota orðið fátækt til að fjalla um áhrif þeirra. Ástæðan er sú að skortur á efnislegum gæðum og erfiðleikar við að láta enda ná saman finnast upp eftir öllum tekjustiganum. Sumt fólk með þrýðilegar tekjur er með skulda bagga frá fyrri tíð. Aðrir hafa áður haft jafnvel enn hærri tekjur en fjárhagslegar skuldbindingar hafa tilhneigingu til að hækka með hækkanði tekjum. Fólk í slíkri stöðu hefur því

meiri fjárhagslegar skuldbindingar en núverandi tekjur þess standa undir. Enn aðrir kunna einfaldlega ekki að fara með peninga. Aftur á móti fanga þær tvær mælingar sem við vinnum með ágætlega fjárhagsþrengingar og því notum við það hugtak hér í stað hugtaksins fátækt. Það hversu erfitt eða auðvelt það er að láta enda ná saman fangar þröngan fjárhag á þeim tímapunkti sem mælingin er fengin. Eins og hefur komið fram spá tekjur til lengri tíma betur fyrir skorti á efnislegum gæðum en tekjur á tilteknum tímapunkti. Fyrir vikið fanga slíkar skortsmælingar fjárhagsþrengingar yfir lengri tíma sem kunna að hafa umtalsverð áhrif á lífsgæði fólks jafnvel þó því gangi þrýðilega að láta enda ná saman þá stundina.

## Fjárhagsþrengingar og geðheilsa

Margar erlendar rannsóknir hafa skoðað tengslin á milli fjárhagsþrenginga einstaklinga og geðheilsu þeirra óháð ytra efnahagsástandi. Niðurstöðurnar sýna að samband er á milli þess að eiga í fjárhagsþrengingum og margs konar geðraskana (Butterworth o.fl., 2012; Butterworth o.fl., 2009; Dijkstra-Kersten o.fl., 2015; Kiely o.fl., 2015). Þannig hefur verið sýnt fram á tengsl við hvoru tveggja klínískt greint þunglyndi og kvíða (Dijkstra-Kersten o.fl., 2015) og við sjálfsmetið þunglyndi (Butterworth o.fl., 2012; Butterworth o.fl., 2009), kvíða og skapsveiflur (Kiely o.fl., 2015). Þá hefur verið staðfest að sambandið við fjárhagsþrengingar er sterkara en við aðra félags- og efnahagslega mælikvarða, þar á meðal tekjur (Butterworth o.fl., 2012; Dijkstra-Kersten o.fl., 2015; Kiely o.fl., 2015).

Niðurstöður rannsókna eru hins vegar misvísandi hvað varðar langtímaáhrif fjárhagsþrenginga á geðheilsu og hvernig orsakasamhenginu á milli þáttanna tveggja er háttáð (Butterworth o.fl., 2009; Dijkstra-Kersten o.fl., 2015; Kiely o.fl., 2015). Ólíkar mælingar gætu að einhverju leyti skýrt það misræmi. Rannsóknir frá Ástralíu, þar sem skortur á efnislegum gæðum hefur verið notaður sem mælikvarði á fjárhagsþrengingar, sýna þannig ekki eingöngu sterkt skammtímasamband á milli sjálfsmetins þunglyndis, kvíða og skapsveiflna annars vegar og efnislegs skorts hins vegar heldur benda þær einnig til þess að efnislegur skortur valdi geðröskunum en ekki öfugt (Butterworth o.fl., 2012; Butterworth o.fl., 2009; Kiely o.fl., 2015). Rannsókn Kiely o.fl., (2015) sýnir að auki að þeir sem voru berskjaldaðir fyrir fjárhagsþrengingum í formi efnislegs skorts voru í meiri áhættu á sjálfsmetnum geðröskunum óháð því hvort þeir ættu í fjárhagsþrengingum þá stundina eða ekki þó áhættan væri meiri á tímabili fjárhagsþrenginga. Hollensk rannsókn staðfesti hins vegar einungis skammtímasamband á milli þess að ná ekki endum saman og greinds þunglyndis og/eða kvíða en gat ekki sýnt fram á að erfiðleikar við að ná endum saman valdi greindu þunglyndi (Dijkstra-Kersten o.fl., 2015). Það er hins vegar skortur á rannsóknum þar sem áhætta af ólíkum tegundum fjárhagslegra þrenginga er metin samtímis.

Atvinnuleysi veldur yfirleitt tekjufalli, sem aftur getur valdið fjárhagsþrengingum. Sýnt hefur verið fram á að fullt atvinnuleysi er sjálfstæður áhættuþáttur þunglyndis og fleiri einkenna andlegrar vanlíðanar (Ásta Snorradóttir o.fl., 2015; Crowe og Butterworth, 2016; Zuelke o.fl., 2018). Rannsóknir benda til að þar eigi tekjuskerðing og fjárhagsþrengingar af hennar sökum stærri hlut að máli en sjálfur atvinnumissirinn (Crowe og Butterworth, 2016; Zuelke o.fl., 2018). Þannig eru vísbendingar um að samband sé á milli hlutaatvinnuleysis og þunglyndis, kvíða og skaptruflana, að minnsta kosti meðal yngra fólks á vinnualdri. Félagslegur stuðningur og sjálfsagi milda þau tengsl en fjárhagslegir erfiðleikar magna þau hins vegar upp (Crowe og Butterworth, 2016; Crowe o.fl., 2016). Í nýlegri þýskri rannsókn mældist atvinnuleysi einungis sjálfstæður áhættuþáttur þunglyndis hjá atvinnulausum á lágmarksbótum en ekki hjá þeim sem voru á tekjutengdum bótum (Zuelke o.fl., 2018).

## Geðheilsa á tímum efnahags- og náttúruváa

Rannsóknir sýna að efnahagskreppur hafa slæm áhrif á bæði líkamlega og geðræna heilsu fólks á vinnumarkaði (Ásta Snorradóttir o.fl., 2015; Ettman o.fl., 2020a; Hjördís Sigursteinsdóttir o.fl.,

2017). Atvinnuleysi og fjárhagsþrengingar, sem alla jafna eru fylgifiskar efnahagssamdráttar, ógna geðheilsu launafólks. Rannsóknir benda einnig til þess að heilsufari þeirra sem eru í fullri vinnu geti hrakað þegar krepur að efnahagslega. Þannig hrakaði geðrænni og líkamlegri líðan ekki einungis á meðal þess hluta íslensks launafólks sem missti vinnuna eftir bankahrunið 2008 heldur einnig meðal þeirra sem eftir sátu og þurftu að takast á við aukið álag vegna niðurskurðar og starfsóöryggis í vinnunni (Ásta Snorradóttir o.fl., 2015; Hjördís Sigursteinsdóttir o.fl., 2017). Búast má við að sá efnahagssamdráttur sem sóttvarnaraðgerðir vegna COVID-19 hafa leitt af sér ógni geðheilsu líkt og fyrri efnahagskreppur. Að auki er faraldurinn sjálfur náttúruvá en staðfest hefur verið að náttúruvá og það áfall sem þær valda ógna geðheilsu fólks (Ettman o.fl., 2020a). Það á meðal annars við fyrri faraldra smitsjúkdóma á borð við Ebólu (Jalloh o.fl., 2018) og SARS (Hawryluck o.fl., 2004).

Erlendar rannsóknir sem þegar hafa verið birtar hníga í þá átt að geðrænni heilsu hafi hrakað verulega á tímum kórónuveirunnar. Í Bandaríkjunum var algengi þunglyndiseinkenna mælt á Patient Health Questionnaire-9 (PHQ-9) skalanum þannig þrefalt meira í fyrstu bylgju faraldursins en það var rétt fyrir faraldurinn (Ettman o.fl., 2020b). Væntanlega hefur sú aukning þó að einhverju leyti jafnast út síðan (Aknin o.fl., 2021). Þá benda erlendar rannsóknir til þess að faraldurinn hafi magnað upp þann félagslegan og efnahagslega ójöfnuð í geðheilsu sem fyrir var (Ettman o.fl., 2020a; Wilson o.fl., 2020; Witteveen og Velthorst, 2020) og að þeir sem stóðu hvað höllustum fæti á vinnumarkaði fyrir faraldurinn séu einnig sá hópur sem þurfi að takast á við mestu fjárhagslegu og geðrænu byrðarnar í faraldrinum (Ettman o.fl., 2020a; Witteveen og Velthorst, 2020). Verulegur efnahagssamdráttur hefur orðið hérlendis í kjölfar sóttvarnaraðgerða vegna COVID-19 faraldursins með tilheyrandi atvinnuleysi og fjárhagsþrengingum margra heimila (Seðlabanki Íslands, 2021). Því má ætla að staðan sé svipuð hérlendis og í öðrum auðugum ríkjum.

Nokkuð hefur verið fjallað um íslenskar rannsóknir á áhrifum COVID-19 faraldursins á líf og heilsu landsmanna í innlendum fjölmiðlum. Má þar nefna viðamikla rannsókn sem Landlæknisembættið stendur fyrir (Anna Bára Unnarsdóttir o.fl., 2021) og rannsókn á andlegri líðan íslenska ungmenna á tímum faraldursins (Ingibjörg Eva Þórisdóttir o.fl., 2021). Sjónum hefur hins vegar ekki verið beint að tengslum fjárhagsþrenginga launafólks og geðheilsu á tímum kórónuveirunnar hér á landi eftir því sem við best vitum. Markmið rannsóknarinnar sem hér er kynnt er að kanna vægi fjárhagsþrenginga í áhættu á þunglyndiseinkennum íslensks launafólks í faraldrinum. Það er gert annars vegar með því að meta líkindi á þunglyndiseinkennum eftir einstökum félags- og efnahagslegum áhættuþáttum og hins vegar með því að meta vægi tvenns konar fjárhagsþrenginga í áhættunni eftir að stjórnað hefur verið fyrir öðrum áhættuþáttum. Notast er við þversniðsgögn úr spurningakönnun á stöðu launafólks innan aðildarfélaga ASÍ og BSRB. Könnunin var lögð fyrir félagsfólk við lok þriðju bylgju faraldursins í lok nóvember og byrjun desember 2020. Fjárhagsstaða félagsfólks innan aðildarfélaganna tveggja er misjöfn. Hluti hópsins stendur vel eða nokkuð vel fjárhagslega en innan hans er einnig að finna þann hluta launafólks á Íslandi sem stendur hvað höllustum fæti hvað varðar menntun og aðra þætti sem almennt auka á atvinnuöryggi fólks. Að auki er hlutfall innflytjenda innan hópsins hlutfallslega hátt en fjárhagsstaða þeirra er almennt verri en innfæddra. Rannsóknin veitir þannig mikilvæg svör við því hvort þau sem stóðu hvað höllustum fæti á íslenskum vinnumarkaði fyrir faraldurinn sé líka sá hópur sem hafi þurft að takast á við mestu fjárhagslegu og geðrænu byrðarnar í faraldrinum eins og raunin hefur verið erlendis (Ettman o.fl., 2020a; Witteveen og Velthorst, 2020).

## Aðferðir

Rannsóknin var þversniðsrannsókn og náði til alls félagsfólks aðildarfélaga ASÍ og BSRB, óháð því hvort viðkomandi var í vinnu eða á atvinnuleysisbótum. Spurningalistinn sem rannsóknin byggir á var sérstaklega hannaður fyrir könnun Vörðu – rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins á stöðu íslensks launafólks á tímum kórónuveirunnar. Listinn var aðgengilegur með rafrænum hætti í gegnum heimasíður aðildarfélaganna. Hægt var að svara spurningalistanum á íslensku, ensku eða pólsku.

Kynning á rannsókninni og ítrekun svara var í höndum hvers aðildarfélags fyrir sig. Gögnum var safnað frá 25. nóvember til 8. desember 2020. Rannsóknin byggði ekki á úrtaki heldur var öllum sem tilheyrðu þýði rannsóknarinnar, það er öllu félagsfólki allra aðildarfélaga innan ASÍ og BSRB, boðið að taka þátt. Alls svöruðu 8.461 af 118.530 félagsmönnum könnuninni og svarhlutfall því 7,0%. Til að leiðrétta fyrir skekkjum sem gætu leitt af lágu svarhlutfalli voru aðildarfélögin flokkuð saman eftir skyldleika í 11 starfsgreinaflokkum og gögnin vigtuð eftir svörun innan hvers starfsgreinaflokks fyrir sig. Það er þó ekki hægt að útiloka að nokkur munur sé innan tiltekinnar starfsgreinar á þeim einstaklingum sem svara og þeim sem svara ekki. Þar sem markmið greinarinnar er ekki að meta umfang þunglyndiseinkenna í þýðinu heldur að skoða sambandið á milli heilsu og fjárhagsþrenginga eru niðurstöðurnar engu að síður upplýsandi.

*Þunglyndiseinkennum* voru mæld á PHQ-9 kvarðanum (Kroenke o.fl., 2001) en kvarðinn hefur verið þýddur á íslensku (Andri Steinþór Björnsson o.fl., 2019). Kvarðinn er einfaldur sjálfsmatskvarði sem metur níu einkenni þunglyndis:

- 1) Lítil áhugi eða gleði við að gera hluti.
- 2) Verið niðurdregin/n, dapur/döpur eða vonlaus.
- 3) Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina.
- 4) Þreyta og orkuleysi.
- 5) Lystarleysi eða ofát.
- 6) Líður illa með sjálfa/n þig eða finnst að þér hafi mistekist eða ekki staðið þig í stykkinu gagnvart sjálfum þér eða fjölskyldu þinni.
- 7) Erfiðleikar með einbeitingu, til dæmis við að lesa blöðin eða horfa á sjónvarp.
- 8) Hreyfir þig eða talar svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því – eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus eða óróleg/ur að þú hreyfir þig miklu meira en venjulega.
- 9) Hugsað um að það væri betra að þú værir dáin/n eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt.

Spurt var hversu oft á síðustu tveimur vikum viðkomandi hafði fundið fyrir hverju einkennum á fjórgildum skala (alls ekki/nokkra daga/meira en helming tímans/nánast alla daga). Svörin frá hverjum svaranda voru síðan lögð saman og gat hver svarandi fengið 0 til 27 stig. Fleiri stig gefa til kynna alvarlegri þunglyndiseinkennum. Hér eru mörkin á milli þess að vera með þunglyndiseinkennum eða ekki dregin við 10 stig (sjá töflu 1). Það eru þau mörk sem höfundar kvarðans draga á milli engra eða lítilla einkenna og miðlungseinkenna en þeir telja að miðlungseinkennum eða meiri bendi til þess að þörf sé á meðhöndlun (Kroenke o.fl., 2001).

*Fjárhagsþrengingar* voru mældar með tveimur mælingum sem báðar eru fengnar úr evrópsku lífshæðisrannsókninni (Eurostat, e.d.), annars vegar með efnislegum skorti og hins vegar með því hversu vel eða illa gengur að ná endum saman. Efnislegur skortur er margþættur mælikvarði sem fangar vel áhrifin á fátækt af eignum og skuldum, hjálp frá öðrum og félagslegum stuðningi sem er í öðru formi en beinhörðum peningum. Það að ná endum saman mælir hins vegar huglægari upplifun af fátækt sem vísar til þess eiga ekki fyrir því sem viðkomandi og nærsamfélag hans telja nauðsynlegt (Moisio, 2004).

*Efnislegur skortur*: Spurt var hvort níu staðhæfingar ættu við um heimili svarenda. Svörin voru lögð saman og þannig búinn til tígildur hlutfallskvarði (sjá töflu 1). Spurt var um eftirfarandi staðhæfingar:

- 1) Vanskil á leigu, húsnæðislánum eða öðrum lánnum vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum.
- 2) Hef ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldu.

- 3) Hef ekki efni á kjöti, fisk eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag.
- 4) Get ekki mætt óvæntum útgjöldum.
- 5) Hef ekki efni á heimasíma né farsíma.
- 6) Hef ekki efni á sjónvarpstæki.
- 7) Hef ekki efni á þvottavél.
- 8) Hef ekki efni á bíl.
- 9) Hef ekki efni á að halda húsnæði nægjanlega heitu.

*Að ná endum saman:* Hversu auðvelt eða erfitt heimilið á með að ná endum saman var mælt á sex-gildum hlutfallskvarða (sjá töflu 1).

Aðrir áhættuþættir sem notaðir eru í greiningunni eru taldir upp í töflu I.

**Tafla I.** Upplýsingar um kvarða og gildi breyta

Breyta	Tegund kvarða	Fjöldi gilda á kvarða	Gildi
Fylgibreyta:			
Þunglyndiseinkenni	Nafnakvarði	Tvígildur	0 = ekki slæm (<10 stig)/ 1 = slæm ≥10 stig)
Frumbreytur sem mæla efnislegan skort:			
Efnislegur skortur	Hlutfallskvarði	Tígildur	0 = enginn skortur, 9 = mikil fátækt
Að ná endum saman	Hlutfallskvarði	Sexgildur	1 = mjög auðvelt, 6 = mjög erfitt
Aðrar frumbreytur:			
Atvinnustaða	Nafnakvarði	Tvígildur	0 = í vinnu/1 = atvinnulaus
Hlutabótaleið	Nafnakvarði	Tvígildur	0 = ekki á hlutabótaleið/1 = á hlutabótaleið/
Innflytjendastaða	Nafnakvarði	Tvígildur	0 = innfæddur/1 = innflytjandi/
Aldur	Nafnakvarði	Tvígildur	0 = yngri (< 30 ára)/ 1 = eldri (30-69 ára)
Kyn	Nafnakvarði	Tvígildur	0 = karl/1 = kona/
Menntun	Nafnakvarði	Þrígildur	0 = grunnskólapróf/1 = framhaldsskólapróf/2 = háskólapróf
Hjúskaparstaða	Nafnakvarði	Þrígildur	0 = sambúð/1 = einhleypir/2 = fráskildir eða ekkjar/ekkjur
Fjöldi barna undir 18	Hlutfallskvarði	Fimmgildur	0 = ekkert barn, 4 = fjögur eða fleiri börn
Líkamleg heilsa	Hlutfallskvarði	Fimmgildur	1 = mjög góð, 5 = mjög slæm

Tölfræðileg úrvinnsla á tengslum þunglyndiseinkenna við skýringarbreyturnar fór fram í tveimur áföngum. Í fyrra áfanganum var einbreytutvíundargreining (e. *binary logistic regression*) notuð til að skoða gagnlíkindahlutfallið (OR) á milli þunglyndiseinkenna og hveirar skýringarbreytu fyrir sig óháð hinum skýringarbreytunum. Í seinni áfanganum var fjölbreytutvíundargreiningu beitt og skýringarbreyturnar valdar í aðhvarfsjöfnuna með framvirku þrepavali (e. *stepwise selection*). Skýringarbreyturnar voru þannig valdar ein af annarri inn í jöfnuna eftir því hve vel þær skýrðu þunglyndiseinkenni þar til allar marktækar breytur voru komnar inn (Field, 2009). Sambærileg greining hefur áður verið notuð í rannsókn á tengslum fjárhagsþrenginga og þunglyndiseinkenna (Butterworth o.fl., 2012). Við lestur niðurstaðna verður að hafa í huga að í greiningunni er hvoru tveggja notast við hlutfallsbreytur og nafnbreytur. Framsetning og túlkun niðurstaðna á þessum tveimur tegundum breyta verður óhjákvæmilega ekki sú sama (Field, 2009).

## Niðurstöður

Tafla II. Einbreytugreiningar á áhættuþáttum þunglyndiseinkenna

	Þunglyndis- einkenni		B (SE B)	OR	(95% CI)	p	Nagelkerke R <sup>2</sup>
	%	N					
Efnislegur skortur, (0 - 9)		8619	0,75 (0,02)	2,11	(2,01 - 2,21)	0,00	0,19
Enginn	13,9%	821		1,00			
Skortir alla níu þættina	85,7%	6		16,88			
Ná endum saman, (1 - 6)		8692	0,70 (0,02)	2,018	(1,93 - 2,11)	0,00	0,17
Mjög auðvelt	10,1%	129		1,00			
Mjög erfitt	67,0%	197		10,09			
Menntun		8676				0,00	0,00
Grunnskólapróf	26,2%	556		1,00			
Framhaldsskólapróf	24,8%	1070	-0,08 (0,06)	0,93	(0,82 - 1,04)	0,21	
Háskólapróf	22,0%	490	-23 (0,07)	0,79	(0,69 - 0,91)	0,00	
Atvinnustig		7816		2,51		0,00	0,03
Í launavinnu	21,4%	1484		1,00			
Atvinnulaus	40,5%	356	0,92 (0,08)	2,51	(2,17 - 2,90)	0,00	
Á hlutabótaleið		8662		1,18		0,01	0,00
Nei, ekki á hlutabótum	23,6%	1603		1,00			
Já, á hlutabótum	26,8%	500	0,17 (0,06)	1,18	(1,05 - 1,33)		
Innflytjendastaða		8690		1,87		0,00	0,02
Innflytjandi	34,9%	495		1,00			
Innfædd(ur)	22,3%	1624	0,62 (0,06)	1,87	(1,65 - 2,11)	0,00	
Aldur		8662		0,38		0,00	0,04
Yngri en 30 ára	41,6%	1276		2,60			
30 ára eða eldri	21,4%	7383	-0,96 (0,06)	1,00	(0,34 - 0,43)	0,00	
Kyn		8662		1,52		0,00	0,01
Karl	20,1%	3808		1,00			
Kona	27,7%	4854	0,42 (0,05)	1,52	(1,37 - 1,68)	0,00	
Hjúskaparstaða		8688				0,00	0,04
Í sambúð/hjónabandi	19,9%	1278		1,00			
Einhleypir	37,0%	684	0,86 (0,06)	2,36	(2,11 - 2,64)	0,00	
Fráskildir/ekklar, ekkjur	36,2%	156	0,82 (0,11)	2,28	(1,86 - 2,80)	0,00	
Börn undir 18, (0 - 4)		8516	0,06 (0,02)	1,06	(1,02 - 1,12)	0,01	0,00
Ekkert barn	23,5%	4773		1,00			
Fjögur eða fleiri börn	37,7%	122		4,26			
Líkamleg heilsa, (1 - 5)		8694	1,04 (0,03)	2,82	(2,65 - 3,00)	0,00	0,20
Mjög góð	6,3%	64		1,00			
Mjög slæm	82,4%	117		11,27			
Samtals:	24,3%	2122					

Tafla II sýnir að samtals 24,3% svarenda mældust með þunglyndiseinkennum og að hlutfall þeirra sem hafa þunglyndiseinkenni hækkar að jafnaði eftir því sem félags- og efnahagslegleg staða er verri. Að sama skapi sýna niðurstöðurnar úr einbreytuaðhvarfsgreiningunni að líkur á þunglyndiseinkennum aukast að jafnaði eftir því sem félags- og efnahagsleg staða er verri. Þannig aukast líkur á þunglyndiseinkennum ef viðkomandi býr við efnislegan skort, á erfitt með að ná endum saman, er



atvinnulaus, er innflytjandi, er með litla menntun, hefur verið á hlutabótaleið, á ekki maka, er með börn undir 18 ára aldri á framfæri sínu, er undir þrítugu og/eða er kona. Þá eykur slæm líkamleg heilsa einnig líkur á þunglyndiseinkennum. Taflan sýnir jafnframt að styrkur sambandsins á milli þunglyndiseinkenna og skýringabreytanna er mismikill. Af félags- efnahagslegu breytunum mælist hann mestur við efnislegan skort, heldur lægri við það að ná ekki endum saman en lítill við aðrar félagslegar og efnahagslegar breytur. Sambandið á milli þunglyndiseinkenna og líkamlegrar heilsu mælist einnig nokkuð öflugt og raunar lítið eitt öflugra en við efnislegan skort.

**Tafla III.** Fjölbreytugreining á áhættuþáttum þunglyndiseinkenna

	B	(SE B)	OR	(95% CI)	p
Efnislegur skortur (1)* (kvarði frá 0 til 9)	0,36	(0,03)	1,43	(1,34 - 1,52)	0,00
Enginn efnislegur skortur			1,00		
Skortir alla níu þættina			12,85		
Að ná endum saman (4)* (kvarði frá 1 til 6)	0,29	(0,03)	1,34	(1,25 - 1,43)	0,00
Mjög auðvelt			1,00		
Mjög erfitt			6,70		
Atvinnustig (7)*			1,46		0,00
Í vinnu			1,00		
Atvinnulaus	0,38	(0,10)	1,46	(1,21 - 1,76)	
Innflytjendastaða (5)*			1,67		0,00
Innfædd(ur)			1,00		
Innflytjandi	0,51	(0,08)	1,67	(1,42 - 1,96)	
Aldur (3)*			0,34		0,00
Yngri en 30 ára			2,93		
30 ára eða eldri	-1,08	(0,08)	1,00	(0,29 - 0,40)	
Hjúskaparstaða (6)*					0,00
Í sambúð			1,00		
Einhleypir	0,35	(0,08)	1,42	(1,22 - 1,66)	0,00
Fráskildir/ekklar, ekkjur	0,55	(0,14)	1,73	(1,31 - 2,28)	0,00
Börn undir 18 (8)* (kvarði frá 0 til 4)	0,08	(0,03)	1,08	(1,01 - 1,15)	0,02
Ekkert barn			1,00		
Fjögur eða fleiri börn			4,31		
Líkamleg heilsa (2)* (kvarði frá 1 til 5)	0,95	(0,04)	2,58	(2,39 - 2,79)	0,00
Mjög góð			1,00		
Mjög slæm			10,31		
Fasti	-4,39	(0,16)	0,01		0,00
-2 log Likelihood	6155,34				
Negelkerke R2	0,35				
Líkan:	$\chi^2 (9) = 1955,82, p = 0,00$				

Tafla III sýnir niðurstöður aðhvarfsgreiningar á þeim áhættuþáttum sem höfðu marktæk hrein (nettó) tengsl við slæma geðheilsu, að teknu tilliti til annarra skýringaþátta. Niðurstöðurnar sýna að aðhvarfslíkanið er marktækt og að skýringarmáttur þess er ágætur (Negelkerke  $R^2 = 0,348$ ). Efnislegur skortur var sá skýringarþáttur sem fór fyrst inn í líkanið og hefur því öflugasta skýringarmáttinn af

þeim skýringarþáttum sem mældir voru. Engu að síður er líkindahlutfall efnislegs skorts þó nokkuð lægra nú en þegar það var greint óháð öðrum breytum. Það fer úr 16,9 í 12,9 (enginn skortur/skortir alla þætti sem mældir voru). Líkindahlutfall þess að ná endum saman lækkar hlutfallslega enn meir, fer úr 10,1 í 6,7 (mjög auðvelt að ná endum saman/mjög erfitt). Skýringarmáttur þessa mælikvarða yfir huglæga upplifun á fjárhagsþrengingum er minni en hvoru tveggja skýringarmáttur líkamlegrar heilsu sem hefur næst öflugasta skýringarmáttinn og skýringarmáttur aldurs sem hefur þriðja öflugasta skýringarmáttinn.

Tengsl þunglyndiseinkenna við innflytjendastöðu, hjúskaparstöðu, atvinnustöðu og fjölda barna haldast einnig tölfræðilega marktæk í aðhvarfsgreiningunni en skýringarmáttur þeirra er minni en breytanna sem áður eru nefndar og skýringarmáttur þeirra í samræmi við þá röð sem þær eru taldar upp í hér. Í aðhvarfsgreiningunni mældust ekki marktæk tengsl við menntun, kyn eða að hafa nýtt hlutabótaleið.

## Umræður

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna áberandi félags- og efnahagslegan ójöfnuð í geðheilsu við lok þriðju bylgju COVID-19 faraldursins hér á landi. Tengsl mældust við alla félags- og efnahagslegu þættina þegar þau voru skoðuð óháð öðrum áhættuþáttum. Það að búa við verulegan efnislegan skort, eiga erfitt með að ná endum saman, vera atvinnulaus, vera innflytjandi, vera með grunnskóla-próf en ekki háskólapróf, hafa verið á hlutabótaleið, eiga ekki maka, vera með börn undir 18 ára aldri á framfæri sínu, vera undir þrítugu og/eða vera kona jók þannig allt líkur á þunglyndiseinkennum. Það sama má segja um slæma líkamlega heilsu, sem einnig jók líkur á þunglyndiseinkennum. Þegar áhættan af fjárhagsþrengingaráttunum tveimur var síðan metin með því að stjórna fyrir hinum áhættuþáttunum kom í ljós að efnislegur skortur er öflugasti áhættuþáttur þunglyndiseinkenna og að áhættumáttur þess að eiga erfitt með að ná endum saman er minni en hvoru tveggja þáttur líkamlegrar heilsu og aldurs. Styrkur annarra félags- og efnahagslegra áhættuþátta er minni og áhættan hverfur alveg hvað varðar menntun, kyn og að hafa verið á hlutabótaleið.

Niðurstöðurnar styðja við fyrri niðurstöður um að fjárhagsþrengingar séu áhættuþáttur slæmrar geðheilsu umfram aðra félagsfjárhagslega þætti eins og atvinnuleysi (Crowe og Butterworth, 2016; Zuelke o.fl., 2018) og tekjur (Butterworth o.fl., 2012; Dijkstra-Kersten o.fl., 2015; Kiely o.fl., 2015). Niðurstöðurnar bæta um betur og sýna að fjárhagsþrengingar í formi beins efnislegs skorts vega þar þyngra en huglæg upplifun af því hvernig gengur að ná endum saman. Ástæðan gæti verið sú að efnislegur skortur mæli betur fjárhagsstöðu fólks. Fólk býr við skort vegna þess að það hefur gengið á sparifé og eignir og nýtur ekki lengur lánstrausts. Það er þannig komið inn að beini fjárhagslega. Erfiðleikar við að ná endum saman geta á hinn bóginn verið mjög tímabundnir (Moisio, 2004). Hingað til hafa fæstar rannsóknir skoðað þessar tvær tegundir fjárhagsþrenginga samtímis. Að auki styður rannsóknin við niðurstöður fyrri rannsókna hvað varðar svo kölluð skammtaviðbrögð (e. *dose-response evidence*), það er að því meiri sem fjárhagsþrengingar séu því meiri sé áhættumáttur þeirra (Butterworth o.fl., 2012; McCarthy o.fl., 2018). Niðurstöðurnar sýna þannig að líkur á þunglyndiseinkennum aukast þrettánfalt við það að hafa ekki ráð á neinum af þeim níu efnislegu þáttum sem mælt var fyrir miðað við það að hafa ráð á þeim öllum eftir að stjórnað hefur verið fyrir öðrum áhættuþáttum.

Rannsóknin er þversniðsrannsókn og niðurstöðurnar geta því ekki sagt til um orsakasambengið á milli fjárhagsþrenginga og þunglyndiseinkenna. Raunar hafa langtímarannsóknir heldur ekki getað skorið úr um það með óyggjandi hætti hvort kemur á undan fjárhagsþrengingar eða slæm geðheilsa og margt sem bendir til að fjárhagsþrengingar geti hvoru tveggja verið orsök og afleiðing vanheilsu (Blázquez o.fl., 2014; Frankham o.fl., 2020). Nokkrar skýringar hafa verið gefnar á þeim ferlum sem gætu verið í gangi. Svo kölluð nýefnisleg (e. *neo-material*) skýring gerir ráð fyrir að efnislegur

skortur komi í veg fyrir að viðkomandi geti veitt sér efnislega þætti sem hafa verndandi áhrif á heilsu, þar með talið lyf og læknskostnað (Butterworth o.fl., 2012; Frankham o.fl., 2020; Kiely o.fl., 2015). Félagssálfræðileg skýring gerir á hinn bóginn ráð fyrir að það að vera lágt settur félagslega valdi andlegu álagi sem aftur leiði til geðraskana (Butterworth o.fl., 2012; Frankham o.fl., 2020). Rannsóknir sem hafa skoðað verndandi áhrif góðs sjálfálits og þeirrar kenndar að hafa vald á eigin lífi á geðheilsu styðja við þá skýringu. Þær gefa vísbendingar um að fjárhagsþrengingar hafi skaðleg áhrif á sjálfálit og dragi úr þeirri tilfinningu að hafa vald á eigin lífi sem aftur leiði til meiri hættu á geðrænum erfiðleikum (Frankham o.fl., 2020). Á hinn bóginn hefur verið bent á að fólki sem er við slæma geðheilsu sé hættara við atvinnuleysi og að verða öryrkjar en þeim sem eru við betri heilsu. Atvinnuleysi og örorku fylgja síðan oft lágar tekjur og hætta á fjárhagsþrengingum (Blázquez o.fl., 2014; Frankham o.fl., 2020).

Kiely o.fl. (2015) draga þær ályktanir af rannsókn sinni meðal fullorðinna Ástralá að fjárhagsþrengingar séu undanfari geðraskana þegar til skamms tíma er litið og því sé þörf á efnahagslegum og pólitískum aðgerðum sem koma í veg fyrir fjárhagsþrengingar. Þau vara þó við því að einblínt sé á aðgerðir í formi matargjafa og fátæktarhjálpur þar sem slíkar aðgerðir geti leitt til félagslegar stimulunar og útilokunar. McCarthy, Carter, Jansson, Benoit og Finnigan (2018) taka í svipaðan streng þegar þau álykta að niðurstöður þeirra um tengsl fjárhagsþrenginga og geðrænnar vanlíðanar meðal lágláunafólks í Bandaríkjunum kalli á skattatilfærslur til handa þeim efnaminni, tryggingu lágmarkslauna og sanngjarnar atvinnuleysis- og örorkubætur. Niðurstöðurnar um að efnislegur skortur sé öflugasti áhættuþáttur þunglyndiseinkenna íslensks launafólks á tímum kórónuveirunnar kalla á sambærilegar aðgerðir til að draga úr líkum á að sóttvarnaaðgerðir vegna faraldursins og efnahagssamdrátturinn sem þeim hefur fylgt muni til lengri tíma verða að geðlýðheilsuvandamáli. Meira gæti þó þurft til. Í Noregi hafa verið gerðar tilraunir með að skima fyrir fjárhagsþrengingum meðal þeirra sem leita á heilsugæslustöðvar og auka samstarf á milli heilsugæslunnar og félagsþjónustunnar (Ose o.fl., 2020). Sambærilegar aðgerðir hérlandis gætu meðal annars hjálpað þeim hópi sem hefur lent í, eða er við það að lenda í, fjárhagsþrengingum í tengslum við geðraskanir.

Rannsóknin hefur ákveðnar takmarkanir. Hún er þversniðsrannsókn sem einungis mældi stöðuna á þunglyndiseinkennum á einum tímapunkti. Niðurstöður rannsóknarinnar segja því ekki til um orsakasambengið á milli þunglyndiseinkenna og þeirra áhættuþátta sem skoðaðir voru (Field, 2009). Það takmarkar einnig rannsóknina að ákveðnu marki að um þýðisrannsókn var að ræða. Sé svarhlutfall ekki þeim mun hærra kalla þýðisrannsóknir á að gögn séu vigtuð eftir svarhlutfalli meðal hópa sem þekkt er að gætu skekkt niðurstöður, til dæmis eftir aldurshópum og kyni (Groves o.fl., 2011). Svarhlutfall í rannsókninni var lágt, eða 7%. Upplýsingar skorti hins vegar um hlutfall í öðrum hópum en starfsflokkum í þýðinu sjálfu. Gögnin voru því einungis vigtuð eftir svarhlutfalli í starfsflokkunum. Það gæti hafa skekkt niðurstöður en þó er erfitt að segja til um á hvaða hátt.

Þær ályktanir eru dregnar af rannsókninni að verulegan félags- og efnahagslegan ójöfnuð sé að finna í þunglyndiseinkennum íslensks launafólks á tímum COVID-19 á Íslandi og að efnislegur skortur sé sá þáttur sem vegi þyngst í þeirri áhættu. Niðurstöðurnar benda til þess að aðgerðir stjórnvalda til að tryggja afkomu og lífkjör fólks í COVID-kreppunni hafi gengið of skammt. Það að skortur á efnislegum gæðum sé það atriði sem hafi mest áhrif á heilsu fólks dregur fram að aðrir hópar báru þyngstu byrðarnar af COVID-kreppunni en af hruninu. Millitekju- og hátekjufólk varð ekki síður fyrir skakkaföllum í hruninu en lágtekjufólk. Í COVID-kreppunni bar lágtekjufólk og fólk í viðkvæmri stöðu á vinnumarkaði á hinn bóginn auknar byrðar af kreppunni umfram þau sem voru betur sett. Lágar tekjur til lengri tíma spá betur fyrir um skort en tekjur á tilteknum tímapunkti. Það þýðir að það er ekki nóg að huga að lífskjörum hinna verst settu þegar kreppa er brostin á heldur verður að tryggja fólki þannig lífskjör almennt að það búi hvorki við fjárhagsþrengingar né líði efnislegan skort.

## Heimildaskrá

- Aknin, L., De Neve, J.-E., Dunn, E., Fancourt, D., Goldberg, E., Helliwell, J., Jones, S. P., Karam, E., Layard, R. og Lyubomirsky, S. (2021). A review and response to the early mental health and neurological consequences of the covid-19 pandemic (preprint). [Preprint]. *PsyArXiv*. <https://doi.org/10.31234/osf.io/zw93g>
- Andri Steinþór Björnsson, Karen Jónsdóttir, Signý Sigurðardóttir, Inga Wessman, Ólafía Sigurjónsdóttir, Auður Sjöfn Þórisdóttir, Jóhann Pálmar Harðarson og Guðmundur Arnkelsson. (2019). Próffræðilegir eiginleikar sheehan disability scale, quality of life scale og patient health questionnaire í íslenski þýðingu. *Sálfræðiritið - Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 23, 91-100. <http://hdl.handle.net/2336/621138>
- Anna Bára Unnarsdóttir Lovik, A.Fawns-Ritchie, C.Ask, H.Köiv, K.Hagen, K.Didriksen, M.Christoffersen, L. A. N.Alexander Berg Garðarsson McIntosh, A.Kähler, A. K.Campbell, A.Arna Hauksdóttir Erikstrup, C.Mikkelsen, D. H.Altshul, D.Edda Björk Þórðardóttir Frans, E. M.Kvale, G. (2021). Cohort profile: Covidment: Covid-19 cohorts on mental health across six nations. *International Journal of Epidemiology*. 10.1093/ije/dyab234
- Ásta Snorraddóttir, Kristinn Tómasson, Rúnar Vilhjálmsson og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. (2015). The health and well-being of bankers following downsizing: A comparison of stayers and leavers. *Work, employment and society*, 29(5), 738-756. 10.1177/0950017014563106
- Blázquez, M., Cottini, E. og Herrarte, A. (2014). The socioeconomic gradient in health: How important is material deprivation? *The Journal of Economic Inequality*, 12(2), 239-264. <https://doi.org/10.1007/s10888-013-9248-5>
- Butterworth, P., Olesen, S. C. og Leach, L. S. (2012). The role of hardship in the association between socio-economic position and depression. *Australian & New Zealand Journal of Psychiatry*, 46(4), 364-373. <https://doi.org/10.1177/0004867411433215>
- Butterworth, P., Rodgers, B. og Windsor, T. D. (2009). Financial hardship, socio-economic position and depression: Results from the path through life survey. *Social Science & Medicine*, 69(2), 229-237. <https://doi.org/10.1016/j.socscimed.2009.05.008>
- Crowe, L. og Butterworth, P. (2016). The role of financial hardship, mastery and social support in the association between employment status and depression: Results from an australian longitudinal cohort study. *BMJ Open*, 6(5), e009834. <https://doi.org/10.1136/bmjopen-2015-009834>
- Crowe, L., Butterworth, P. og Leach, L. (2016). Financial hardship, mastery and social support: Explaining poor mental health amongst the inadequately employed using data from the hilda survey. *SSM - Population Health*, 2, 407-415. <https://doi.org/10.1016/j.ssmph.2016.05.002>
- Dijkstra-Kersten, S. M. A., Biesheuvel-Leliefeld, K. E. M., van der Wouden, J. C., Penninx, B. W. J. H. og van Marwijk, H. W. J. (2015). Associations of financial strain and income with depressive and anxiety disorders. *Journal of epidemiology and community health*, 69(7), 660-665. <https://doi.org/10.1136/jech-2014-205088>
- Ettman, C. K., Abdalla, S. M., Cohen, G. H., Sampson, L., Vivier, P. M. og Galea, S. (2020a). Low assets and financial stressors associated with higher depression during covid-19 in a nationally representative sample of us adults. *Journal of epidemiology and community health*, jech-2020-215213. <https://doi.org/10.1136/jech-2020-215213>
- Ettman, C. K., Abdalla, S. M., Cohen, G. H., Sampson, L., Vivier, P. M. og Galea, S. (2020b). Prevalence of depression symptoms in us adults before and during the covid-19 pandemic. *JAMA Network Open*, 3(9), e2019686-e2019686. <https://doi.org/10.1001/jamanetworkopen.2020.19686>
- Eurostat. (e.d.). *European union statistics on income and living conditions (eu-silc)*. <https://ec.europa.eu/eurostat/web/microdata/european-union-statistics-on-income-and-living-conditions>
- Field, A. (2009). *Discovering statistics using spss (third edition)*. SAGE.
- Frankham, C., Richardson, T. og Maguire, N. (2020). Psychological factors associated with financial hardship and mental health: A systematic review. *Clinical Psychology Review*, 77, 101832. <https://doi.org/10.1016/j.cpr.2020.101832>
- Groves, R. M., Fowler Jr, F. J., Couper, M. P., Lepkowski, J. M., Singer, E. og Tourangeau, R. (2011). *Survey methodology (second edition)*. John Wiley & Sons.
- Hawryluck, L., Gold, W. L., Robinson, S., Pogorski, S., Galea, S. og Styra, R. (2004). Sars control and psychological effects of quarantine, toronto, canada. *Emerging infectious diseases*, 10(7), 1206-1212. <https://doi.org/10.3201/eid1007.030703>
- Hjördís Sigursteinsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. (2017). Changes in occupational mental and physical health and health symptoms during the economic recession. [Article]. *Work*, 56(4), 603-615. <https://doi.org/10.3233/WOR-172523>
- Ingibjörg Eva Þórisdóttir, Bryndis Björk Ásgeirsdóttir, Kristjánsson, Á. L., Valdimarsdóttir, H. B., Erla María Tölgyes, Jón Sigfússon, John Philip Allegrante, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Þórhildur Halldórsdóttir. (2021). Depressive symptoms, mental wellbeing, and substance use among adolescents before and during the covid-19 pandemic in iceland: A longitudinal, population-based study. *The Lancet Psychiatry*, 8(8), 663-672. [https://doi.org/10.1016/S2215-0366\(21\)00156-5](https://doi.org/10.1016/S2215-0366(21)00156-5)
- Jalloh, M. F., Li, W., Bunnell, R. E., Ethier, K. A., O'Leary, A., Hageman, K. M., Sengeh, P., Jalloh, M. B., Morgan, O., Hersey, S., Marston, B. J., Dafee, F. og Redd, J. T. (2018). Impact of ebola experiences and risk perceptions on mental health in sierra leone, july 2015. *BMJ Global Health*, 3(2), e000471. <https://doi.org/10.1136/bmjgh-2017-000471>
- Kiely, K. M., Leach, L. S., Olesen, S. C. og Butterworth, P. (2015). How financial hardship is associated with the onset of mental health problems over time. *Social Psychiatry and Psychiatric Epidemiology*, 50(6), 909-918. <https://link.springer.com/content/pdf/10.1007/s00127-015-1027-0.pdf>

- Kroenke, K., Spitzer, R. L. og Williams, J. B. W. (2001). The phq-9. *Journal of General Internal Medicine*, 16(9), 606-613. <https://doi.org/10.1046/j.1525-1497.2001.016009606.x>
- McCarthy, B., Carter, A., Jansson, M., Benoit, C. og Finnigan, R. (2018). Poverty, material hardship, and mental health among workers in three front-line service occupations. *Journal of Poverty*, 22(4), 334-354. <https://doi.org/10.1080/10875549.2017.1419532>
- Moisio, P. (2004). A latent class application to the multidimensional measurement of poverty. *Quality and Quantity*, 38(6), 703-717. <https://doi.org/10.1007/s11135-004-5940-7>
- Ose, S. O., Bøyum, L. S., Kaspersen, S. L., Vestad, A. og Gjelsvik, P.-A. (2020). Should gps ask patients about their financial concerns? Exploration through collaborative research. *Scandinavian Journal of Primary Health Care*, 38(2), 156-165. <https://doi.org/10.1080/02813432.2020.1753344>
- Seðlabanki Íslands. (2021). *Peningamála*, 2021/2. <https://www.seðlabanki.is/library/Skraarsafn/Peningamal/2021/Mai-2021/heild2021.pdf>
- Wilson, J. M., Lee, J., Fitzgerald, H. N., Oosterhoff, B., Sevi, B. og Shook, N. J. (2020). Job insecurity and financial concern during the covid-19 pandemic are associated with worse mental health. *Journal of Occupational and Environmental Medicine*, 62(9). [https://journals.lww.com/joem/Fulltext/2020/09000/Job\\_Insecurity\\_and\\_Financial\\_Concern\\_During\\_the.4.aspx](https://journals.lww.com/joem/Fulltext/2020/09000/Job_Insecurity_and_Financial_Concern_During_the.4.aspx)
- Witteveen, D. og Velthorst, E. (2020). Economic hardship and mental health complaints during covid-19. *Proceedings of the National Academy of Sciences*, 117(44), 27277-27284. [https://journals.lww.com/joem/Fulltext/2020/09000/Job\\_Insecurity\\_and\\_Financial\\_Concern\\_During\\_the.4.aspx](https://journals.lww.com/joem/Fulltext/2020/09000/Job_Insecurity_and_Financial_Concern_During_the.4.aspx)
- Zuelke, A. E., Luck, T., Schroeter, M. L., Witte, A. V., Hinz, A., Engel, C., Enzenbach, C., Zachariae, S., Loeffler, M., Thiery, J., Villringer, A. og Riedel-Heller, S. G. (2018). The association between unemployment and depression—results from the population-based life-adult-study. *Journal of Affective Disorders*, 235, 399-406. <https://doi.org/10.1016/j.jad.2018.04.073>

## Um höfund/a

**MARGÉT EINARSDÓTTIR** ([margrei@hi.is](mailto:margrei@hi.is)) er sjálfstætt starfandi félagsfræðingur. Hún varði doktorsritgerð í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 2014 og lauk meistargráðu í mannfræði frá sama skóla árið 2004.

**KOLBEINN HÓLMAR STEFÁNSSON** ([kolbeinn@hi.is](mailto:kolbeinn@hi.is)) starfar sem dósent við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Hann varði doktorsritgerð í félagsfræði við Oxfordháskóla árið 2013.

**KRISTÍN HEBA GÍSLADÓTTIR** ([kristin@rannvinn.is](mailto:kristin@rannvinn.is)) starfar sem framkvæmdastjóri Vörðu – Rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins. Hún er með BA gráðu í sálfræði (2012) og MSc gráðu í Auðlindafræði (2014) frá Háskólanum á Akureyri.